

Mál nr. 196/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.
Vinnuslys á fuglabúi 2. desember 2014.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 15.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 17.7.2017, ásamt fylgiskjölum, merktum 1-11.

Málsatvik.

Í málinu liggur ekki fyrir sérstök tjónstilkynning með lýsingu á atvikum þess að M hlaut líkamstjón við vinnu sína í fuglahúsi X. Ekki virðist þó vera ágreiningur um að M hafi verið að stíga yfir fóðurlínu í fuglahúsinu þegar hún hafi rekið fótinn í línuna og þá gripið í vir til að forða sér falli og þannig hlotið líkamstjón. Í málskoti kemur fram að M hafi fest fót „í einum upphengivirnum og steiptist fram fyrir sig.“ Þar segir að hún hafi gripið með vinstri hendi um virinn og ríghaldið í hann, „þannig að hún snérist í hálfhring og fékk harðan hnykk á vinstri hlið.“

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem aðstæður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi. Vísar M m.a. til þess að húsnæði X hafi verið vanbúið m.t.t. þess að starfsmenn X hafi margoft þurft að klofa yfir fóðurlínur í fuglahúsum, með tilheyrandi slyshættu. Einnig vísar M til þess að þegar hún slasaðist var nýbúið að setja nýtt fóðurkerfi í það hús sem hún slasaðist í. Það hafi verið þannig að fóðurlína var 47 cm frá gólfi og starfsmenn hafi þurft að klofa ítrekað yfir línuna til að geta sinnt starfi sínu. Einnig er vísað til þess að aðstæður hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli í reglugerð um húsnæði vinnustaða eða að fóðurlínan sjálf hafi verið í samræmi við fyrirmæli í reglugerð um notkun tækja. Ekki hafi heldur legið fyrir áhættumat eða sérstök leyfi til að setja upp starfsemi í umræddu húsi, en rétt fyrir slys M hafði húsnæðinu verið breytt frá því að vera minkaræktunarahús í að vera fuglaræktunarahús. Einnig kemur fram í málatilbúnaði M að hún hafi kvartað við yfirmenn sína hjá X yfir aðbúnaði á vinnustaðnum.

V telur ósannað að vinnuaðstæður þar sem M slasaðist hafi verið ófullnægjandi. V vísar á bug að húsnæði X hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar séu í reglum um húsnæði vinnustaða, sem M vísar til. V vísar til þess að M hafi sjálf verið bústjóri hjá X þegar hún slasaðist og í því starfi felist að bera ábyrgð á daglegum verkum í búinu og skipuleggja vinnu starfsfólks. M hafi því verið öllum hnútum kunnug í húsnæðinu og hún hafi komið að vinnu við uppsetningu nýs búnaðar í títtnefndu húsi stuttu áður. Einnig vísar V til þess með gögnum að leyfi frá viðeigandi yfirvöldum hafi legið fyrir þegar húsinu var breytt frá því að vera minkaræktunarahús í fuglaræktunarahús. Líkamstjón M megj rekja til óhapps en ekki atvika eða aðstæðna sem eru á ábyrgð X.

Frekari athugasemdir hafa ekki borist frá lögmanni M þrátt fyrir nokkuð langan frest til að koma þeim á framfæri.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M slasaðist við vinnu sína í tilteknu fuglaræktunarahúsi X, sem nýbúið var að breyta úr því að vera minkaræktunarahús og hafði til þess tilskilin leyfi. Í gögnum málsins liggja fyrir lýsingar á þeim búnaði sem settur var upp í því húsi og aðstæðum við vinnuna. Ekki verður af þeim gögnum talið nægilega sannað að búnaðurinn eða aðstæður í fuglaræktunarahúsi X hafi verið í andstöðu við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða reglur eða reglugerð um húsnæði vinnustaða eða notkun tækja. Sönnunarbyrði um það hvílir á M. Verður því ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.